



Þema 2.-3. bekkur

Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum/kennari	Leiðir að hæfniviðmiðum/nemandi	Námsmat
<p>Að nemendur:</p> <p>Reynsluheimur Læri um atferli dýra, svo sem leiki, uppeldi, pörun, félagshegðun, far og næringarnám. Fræðist um fjölbreytta hegðun ólíkra dýra og manna líka sem sjálfir eru þar á meðal. Gert sér grein fyrir að margar dýrategundir annast afkvæmi sín líkt og maðurinn. Viti að atferli dýra þjónar ákveðnum tilgangi, s.s. farflug fugla.</p> <p>Hugarheimur Gert sér grein fyrir að atferli manna er oft af sama meiði og dýranna. Gert sér grein fyrir að mismunandi atferli skiptir miklu máli í lífi dýra og getur haft úrslitaáhrif um velgengni þeirra.</p> <p>Félagsheimur Geti tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.</p>	<p>Hvetja nemendur til að fylgjast með dýrum og safna þannig myndum í huga sér. Með því að fylgjast náið með dýrunum geta nemendur lært mjög margt, beint og óbeint. Með aukinni þekkingu læra þau líka að átta sig á mikilvægi dýranna í vistkerfinu og öðlast virðingu fyrir þeim.</p> <p>Opna augu nemenda fyrir mismunandi hegðun dýra .</p> <p>Hvetja nemendur til að hafa augun opin fyrir þeim lífverum sem eru í nánasta umhverfi okkar. Fiðrildi, flugur, fuglar, kettir, hundar geta orðið á vegi þeirra.</p> <p>Auka virðingu nemenda fyrir dýrum með aukinni þekkingu á þeim og tengslum við þau.</p> <p>Lesi sögur og ljóð um dýr.</p> <p>Fara í mismunandi leiki.</p> <p>Sýna myndbönd um dýr.</p> <p>Skipta nemendum í litla hópa og hver hópur velur sér eitt dýr og aflar sér upplýsingar um það.</p>	<p>Nemendur velta fyrir sér á hvaða hátt leikur ungra dýra býr þau undir fullorðinsárin.</p> <p>Velta því fyrir sér hvað leikurinn gerir fyrir þau sjálf og samskipti við aðra.</p> <p>Nemendur fara í ýmsa leiki sem reyna t.d. á samskiptahæfni.</p> <p>Líkja eftir hegðun dýra – leikfimi</p> <p>Horfa á myndbönd um dýr.</p> <p>Vinna í hópum og afla upplýsinga um ákveðið dýr. Sú vinna fer í litla bók.</p> <p>Fara í vettvangsferðir og skoða dýrin í umhverfinu.</p>	<p>Símat, vinnusemi og vandvirkni.</p>